



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 10. ágúst 2021

R21050037

Viðtakandi: Forsætisráðuneyti, Katrín Jakobsdóttir

***Efni: Erindi vegna reglna sem ganga í berhögg við lög nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði***

Þakkað er kærlega fyrir skjót svör forsætisráðuneytis dags. 24. júní 2021, við erindi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs dags. 3. maí s.l., vegna reglna sem ganga í berhögg við lög nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði og er því fagnað sérstaklega að málið sé í farvegi. Reykjavíkurborg vill vera til fyrirmyndar þegar kemur að mannréttindavernd og af því stafar viljinn til að gera salerni í stjórnsluhúsnæði borgarinnar ókyngreind og eftir atvikum fleiri starfsstaða í kjölfarið. Talin er þörf á að áréttta ákveðin atriði er varða viðfangsefnið með von um að það leiði til niðurstöðu í þágu mannréttindaverndar og aðgengis allra kynja að samfélaginu.

Í ljósi laga nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði er þörf á endurskoðun á 22. gr. reglugerðar nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða, en hún setur vinnustöðum skorður um fjölda og aðgreiningu salerna eftir kyni. Reglugerðin er úr takti við lögin og þarf að taka tillit til kynsegin fólks, en í dag er einungis fjallað um salerni fyrir konur og karla. Halda skal til haga að einnig er þörf á frekari endurskoðunum sem einskorðast ekki við starfsstaði. Má sem dæmi taka 15. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, en sú grein fjallar um salernisaðstöðu í almenningsrými. Sú vinna er þegar hafin eins og farið verður yfir nánar hér að neðan.

Í svari forsætisráðuneytisins dags. 24. júní 2021 (FOR2106061/14.0), þar sem vísað er í svar félags- og barnamálaráðherra (þingskjal 1422) má merkja að vilji sé fyrir því að skoða stöðuna sem er ánægjulegt. Um leið virðist þó vera sem svo að stefnt sé að því að halda í núverandi kyngreiningu og þar með viðhalda tvíhyggjukynjakerfinu sem normi og grundvelli ákvarðanna. Í svarinu er bent á að hægt sé að bæta þriðja möguleikanum við, þ.e.a.s. salerni fyrir kvár (fullorðið kynsegin fólk) á starfsstöðum sem eru með umfram fjölda salerna, þ.e. fleiri salerni en þann lágmarksfjölda fyrir konur og karla sem reglugerðin gerir kröfur um. Ekki er þó fjallað um starfsstaði sem ekki hafa umfram fjölda salerna né heldur hvað starfsstöðum beri að gera ef starfsfólki þeirra fjölgar og þeir búa því ekki lengur svo vel að vera með umfram fjölda salerna. Í svarbréfinu er einnig bent á að þessi vinna sé á forræði félags- og barnamálaráðherra, sem hefur ekki hafið vinnu við breytingar á reglugerðinni og telur þurfa að „fá fram þau ólíku sjónarmið sem ætla má að séu fyrir hendi á innlendum vinnumarkaði“. Það er gott og gilt að kynna sér þau sjónarmið en bent er á að þau munu ekki breyta þeirri staðreynd að reglugerðin

gengur í berhögg við lögin. Andi laganna og þær samfélagsbreytingar sem hafa orðið undanfarin ár í tengslum við lög um kynrænt sjálfræði og réttindabaráttu hinsegin fólks, sérstaklega trans og intersex fólks, ganga meðal annars út á að skapa rými til að vera allskonar í stað þess að kynjastimpill sé notaður sem forsenda aðgreiningar. Mikilvægt er að hafa það í huga við þessar breytingar.

Vinna er þegar hafin við breytingu á 15. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, en sú grein fjallar um salernisaðstöðu og er á forræði umhverfisráðherra. Að óbreyttu gerir reglugerðin einungis kröfu um aðgreiningu salerna fyrir konur og karla þar sem skilrúm salernisklefa ná ekki niður að gólfi og upp að lofti. Með væntanlegri breytingu á reglugerðinni verður áfram óþarfi að aðgreina salerni fyrir mismunandi kyn svo lengi sem þau fylgja ofangreindum kröfum, að öðru leyti þarf að aðgreina þau fyrir konur, karla og kvár.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð Reykjavíkurborgar mælir fyrir því félags- og barnamálaráðherra taki sér umhverfisráðherra til fyrirmyndar og ráðist í breytingar á reglugerð nr. 581/1995 þannig að stefnan verði sú að salerni á vinnustöðum verði ókyngreind og kröfur um fjölda þeirra verði einfaldlega í samræmi við fjölda starfsfólks. Með þeim hætti er hægt að fækka flækjum (m.a. kostnaði) og bjóða öllum kynjum upp á salernisaðstöðu án trafala. Þannig er einnig komið í veg fyrir óþarfa vangaveltur um kyn og kynvitund starfsfólks og jafnvel áreitni í garð fólks með ódæmigerða kyntjáningu. Ef sérstök þörf þykir á kyngreindum salernum á vinnustað þarf þó ávallt að tryggja salerni fyrir karla, konur og kvár. Með slíkri breytingu væri lögum um kynrænt sjálfræði framfylgt.

Í gegnum stefnur, breytingar og samtöl hjá Reykjavíkurborg undanfarin ár hefur orðið til þekking og reynsla á þessu sviði sem við teljum að geti nýst vel við þessa vinnu. Því viljum við bjóða til samtals um þessi málefni og bendum um leið á félagasamtök á borð við Samtökin '78, sem forsætisráðherra og félags- og barnamálaráðherra styrktu nýverið, sem og Trans Ísland sem er eitt af aðildarfélögum þeirra. Þessi samtök hafa sannarlega þekkingu og reynslu sem kæmi að góðu gagni í þá vinnu sem framundan er við breytingar á reglugerð um húsnæði vinnustaða. Samtökin tala einnig fyrir þeim hópi sem reglugerðin skilur nú út undan og er mikilvægt að tryggja að þau fái áheyrn.

Dóra Björt Guðjónsdóttir

f.h. mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs Reykjavíkur